

Nefndasvið Alþingis
Austurstræti 8-10

150 REYKJAVÍK

Reykjavík, 19. febrúar 2016

Efni: Umsögn um frumvarp til laga um breytingu á lögum um 40 stunda vinnuviku, nr. 88/1971, með síðari breytingum, þingskjal 284, 259. mál.

Í frumvarpinu segir að dagvinnutímar á viku verði 35 að hámarki og að jafnaði skuli unnar 7 klukkustundir í dagvinnu á degi hverjum frá mánudegi til föstudags. Í greinargerð með frumvarpinu er því haldið fram að „heildarvinnutími yfir árið sé rétt undir meðaltali OECD-landa“ og að „Heildarvinnutíminn sé 500 stundum lengri en hjá Þjóðverjum.“ Einnig að „Tillagan mundi minnka heildarvinnutíma um u.þ.b. 230 klukkustundir á ári“. Þá er því haldið fram að styttri vinnudagur leiði til meiri framleiðni. Loks er sagt: „Markmið breytingarinnar er ekki að kjör skerðist við styttingu vinnudags og ekki er gert ráð fyrir því að vinnudagur styttest sjálfkrafa við þessa breytingu.“

Frumvarpið er endurflutt frá síðasta þingi en var ekki sent til umsagnar. Af því tilefni fjöllouðu SA um frumvarpið í grein sem birt var í október 2014 á vef SA og fylgir hún með umsögn þessari.¹

Samtök atvinnulífsins lýsa fullkominni andstöðu við frumvarpið. Vinnutími er samningsatriði í kjarasamningum og er óeðlilegt að Alþingi hafi afskipti af þessum mikilvæga hluta þeirra. Lög þessi eru barn síns tíma og þjóna engum tilgangi. Eftir gildistöku þeirra lögfesti Alþingi, með lögum 55/1980 um starfskjör launafólks og skyldutryggingu lífeyrisréttinda, að kjarasamningar sem aðilar vinnumarkaðarins semji um skuli vera lágmarkskjör í landinu. Ákvæði um vinnutíma eru mikilvægur þáttur kjarasamninga og eru stöðugt til umfjöllunar við samningsgerð. Í lögnum felst hins vegar mikill ósveigjanleiki sem takmarkar svigrúm samningsaðila til breytinga og skaðar samkeppnishæfni íslensks atvinnulífs. Lögin eru því til óþurftar og ætti Alþingi ætti að fella þau brott.

Mikilvægt er að Alþingi virði það hlutverk aðila að kjarasamningum, að það er þeirra og þeirra einna, að gera breytingar á samningsákvæðum og löggjafinn ráðskist ekki með mikilvæga hluta þeirra. Það er aðilanna að komast að niðurstöðu um svigrúm til breytinga á kjarasamningum sem valda atvinnulífinu kostnaðarauka og forgangsraða til hvers því er varið hverju sinni.

Vinnutími hefur styst hér á landi um 4 klukkustundir á viku á undanförunum tveimur áratugum og um 12-14 klukkustundir, sé horft til undangenginna fjögurra áratuga. Þetta er mikil breyting og er til marks um bætt lífskjör þar sem svigrúm hefur skapast fyrir mun styttri vinnutíma en áður. Aukin framleiðni í atvinnulífinu hefur knúið þessa þróun áfram. Þessi stytting hefur átt sér stað jafnt og þétt. Því svigrúmi sem framleiðniaukning hefur skapað til bættra lífskjara hefur verið skipt milli beinnar kaupmáttaraukningar og styttri vinnutíma.

Rökstuðningur með frumvarpinu er illa grundaður í ljósi þeirra afdrifaríku afleiðinga sem samþykkt þess hefði og hin stutta greinargerð frumvarpsins einkennist af órökstuddum alhæfingum og misskilningi.

Við samanburður vinnutíma milli landa verður að miða við virkan vinnutíma á Íslandi, en ekki greiddan vinnutíma sem felur í sér neysluhlé og eru eigin tími starfsmanna. Algengasti umsaminn virkur vikulegur vinnutími í kjarasamningum er 37 stundir (40 greiddar stundir að frádregnum 2 klst. og 55 mínútum í greidd neysluhlé). 37 stundirnar eru meginreglan hjá verkafólki, iðnaðarmönnum og opinberum starfsmönnum. Hjá félagsmönnum verslunarmannafélaga sem stunda afgreiðslustörf er virkur vinnutími 36,5 stundir og 36,25 stundir hjá skrifstofumönnum. Flestir vaktavinnusamningar eru með ákvæði um styttri virkan vinnutíma en 37 stundir á viku, margir þeirra mun styttri.

¹ <http://www.sa.is/frettatengt/frettir/vinnutiminn-hefur-styst/>

Lögfesting laganna um 40 stunda vinnuviku árið 1972 hafði óveruleg áhrif á heildarvinnutíma skv. vinnutímamælingum Kjararannsóknarnefndar á þeim tíma. Áhrif laganna voru fyrst og fremst að hækka launakostnað atvinnulífsins um 10%. Áhrif þess að stytta umsamda vinnuviku félagsmanna verslunarmannafélaga árið 2000 voru á sama veg. Ekki varð sjáanleg breyting á heildarvinnutíma af völdum styttingarinnar en hlutur yfirvinnutekna í heildarlaunum jókst.

Ef frumvarpið yrði samþykkt á Alþingi myndi lögboðinn virkur vinnutími styttest úr 37 stundum í 32 og tímakaup, eða laun fyrir unna vinnustund, hækkaði í einu vefangi um 14%. Launakostnaður atvinnulífsins myndi aukast mun meira því ólíklegt er að heildarvinnutími myndi styttest við lögfestinguna. Greiddum yfirvinnustundum myndi því fjölga álíka mikið og dagvinnustundunum fækkaði. Ef það yrði raunin myndi launakostnaður atvinnulífsins aukast um 26-28% í einu vefangi. Þeir útreikningar eru sýndir í eftirfarandi töflu. Það myndi hafa miklar og afdrifar afleiðingar á gengi krónunnar og verðbólgu.

Hækkun tíma- og vikukaups verkafólks og iðnaðarmanna ef frumvarp um 35 stunda vinnuviku yrði lögfest og heildarvinnutími breytist ekki

	Fyrir vinnutíma-styttingu	Eftir vinnutíma-styttingu	Hækkun
Fjöldi dagvinnutíma	40	35	
Tímakaup í dagvinnu	100	114	14%
Vikukaup fyrir dagvinnu	4.000	4.000	0%
Fjöldi yfirvinnutíma	0	5	
Tímakaup í yfirvinnu	180	206	14%
Vikukaup alls	4.000	5.029	26%

Hækkun tímakaups og vikukaups skrifstofufólks ef frumvarp um 35 stunda vinnuviku yrði lögfest og heildarvinnutími breytist ekki

	Fyrir vinnutíma-styttingu	Eftir vinnutíma-styttingu	Hækkun
Fjöldi dagvinnutíma	37,5	32,5	
Tímakaup í dagvinnu	100	115	15%
Vikukaup fyrir dagvinnu	3.750	3.750	0%
Fjöldi yfirvinnutíma	0	5	
Tímakaup í yfirvinnu	180	208	15%
Vikukaup alls	3.750	4.788	28%

Í meðfylgjandi töflu kemur fram að umsaminn ársvinnuvinnutími er næst lægstur á Íslandi í þeim ríkjum sem samanburðurinn nær til, en þar er að finna upplýsingar um allflest Evrópuríki, þ.á.m. öll þau ríki sem Íslendingar bera sig oftast saman við.

Virðingarfyllst,
f.h. Samtaka atvinnulífsins

Hannes G. Sigurðsson


Table 1: Average collectively agreed normal annual working time, 2014

Country	A. Weekly hours	B. Gross annual hours (Ax52)	C. Annual leave (days)	D. Public holidays (days)	E. All leave (C+D) expressed in hours	F. Annual hours (B-E)
Hungary	40	2.080	20	10	240	1.840
Poland	40	2.080	20	10	240	1.840
Romania	40	2.080	21	9	240	1.840
Estonia	40	2.080	20	11	240	1.832
Slovenia	40	2.080	20	11	248	1.832
Croatia	40	2.080	20	12	256	1.824
Lithuania	40	2.080	20	12	256	1.824
Bulgaria	40	2.080	20	14	272	1.808
Latvia	40	2.080	20	14	272	1.808
Portugal	39,3	2.044	22	8	236	1.808
Greece	40	2.080	23	12	280	1.800
Malta	40	2.080	24	12	288	1.792
Luxembourg	39,8	2.067	25	10	278	1.789
Ireland	39	2.028	24	9	257	1.771
Belgium	37,8	1.966	20	9	219	1.746
Austria	38,8	2.018	25	12	287	1.731
Spain	38,5	2.002	22	14	277	1.725
Cyprus	38	1.976	20	14	258	1.718
Czech Republic	38,1	1.981	25	10	267	1.715
Slovakia	38,9	2.023	25	15	311	1.712
EU28	38,1	1.979	25,1	10,6	272	1.707
Italy	38	1.976	25	11	274	1.702
UK	37,4	1.945	25,1	8	248	1.697
Finland	37,5	1.950	25	10	263	1.688
Norway	37,5	1.950	25	10	263	1.688
Netherlands	37,1	1.929	25	9	252	1.677
EU15	37,5	1.952	26,4	10,6	278	1.675
Sweden	37,2	1.934	25	11	268	1.667
Germany	37,7	1.960	30	11	309	1.651
Denmark	37	1.924	30	9	289	1.635
Ísland	37	1.924	28	11,4	292	1.632
France	35,6	1.851	30	11	292	1.559

Source: Eurofound, *nema Ísland sem er áætlun SA*

<http://www.eurofound.europa.eu/observatories/eurwork/comparative-information/developments-in-collectively-agreed-working-time-2014>

Ársvinnutími samkvæmt lögum og kjarasamningum í Evrópu




Heimild: Eurofound, nema Ísland sem er áætlað af SA

Grein á vef SA, 22.10. 2014 – skrifuð í tilefni af framlagningu frumvarpsins.

Vinnutími á Íslandi hefur styst

Á undanförunum tveimur áratugum hefur meðalvinnutími á íslenskum vinnumarkaði styst um 4 klukkustundir vegna minni yfirvinnu, samkvæmt vinnumarkaðsrannsókn Hagstofunnar. Sé litið enn lengra aftur kemur í ljós að meðalvinnutími verkafólks og iðnaðarmanna er nú 12-14 klukkustundum styttri en hann var fyrir fjórum áratugum síðan. Þetta er mikil breyting og er til marks um bætt lífsskjör þar sem svigrúm hefur skapast fyrir mun styttri vinnutíma en áður. Aukin framleiðni í atvinnulífinu hefur knúið þessa þróun áfram. Frá 1991 hefur verðmætasköpun (landsframleiðsla) á hvern landsmann, sem er einn mælikvarði á framleiðniþróun atvinnulífsins, aukist um 45%. Á sama tíma hefur kaupmáttur launa aukist um 37%. Þar sem framleiðniaukning ræður svigrúmi til kaupmáttaraukningar mætti ætla að kaupmáttarþróun hafi verið lakari en tilefni stóð til. Það er þó ekki tilfellið heldur skýrir styttri vinnutími það sem upp á vantar. Vinnutími er að jafnaði 7% styttri en hann var fyrir tveimur áratugum síðan og kaupmáttaraukningin er 6% minni en aukin framleiðni gaf tilefni til. Kaupmáttur launa og verðmætasköpun á vinnustund hafa með öðrum orðum haldist í hendur á þessu tímabili.


Samband þessara þátta má sjá á meðfylgjandi mynd.



Þetta samhengi þarf að hafa í huga í umræðum um styttingu vinnutíma hér á landi. Fyrir Alþingi liggur frumvarp um 5 klukkustunda styttingu lögboðinnar vinnuviku, úr 40 stundum í 35. Það er sambærileg stytting og átt hefur sér stað á undanförunum tveimur áratugum. Rétt er að hafa í huga að virkur vinnutími er 37 klukkustundir á viku að teknu tilliti til kaffi- og matarhléa, og jafnvel enn styttri hjá einstökum stéttum. Lögboðin stytting vinnuviku knýr hins vegar ekki fram aukna framleiðni í einni svipan. Framleiðniaukning í hagkerfinu á sér stað í hægum skrefum og er samspil óteljandi aðgerða sem fyrirtæki og stofnanir grípa til í þeirri viðleitni að auka samkeppnishæfni sína og hagkvæmni. Þar sem talsmenn hugmynda um lögboðna styttingu vinnuviku ganga jafnan að því sem gefnu að launafólk haldi sömu tekjum

eftir styttinguna felur tillaga um fækkun greiddra vikulegra vinnustunda úr 40 í 35 í sér að laun fyrir greidda vinnustund hækki um 14%. Slík aðgerð yrði öllum til tjóns vegna þeirrar verðbólgu og gengislækkunar sem fylgdi í kjölfarið. Sambærileg aðgerð var framkvæmd árið 1972 þegar Alþingi stytta vinnuvikuna um 4 stundir og hækkaði launakostnað um 10%, samanber 8. gr. þeirra laga „Vinnutímastytting sú, sem felst í lögum þessum, hefur ekki í för með sér skerðingu á viku- og mánaðarlaunum“. Sú aðgerð markaði upphaf óðaverðbólgunnar sem ríkti næstu 10-15 árin.

Eftir stendur sú spurning hvort lög- og samningsbundin vinnuvika hér á landi sé almennt lengri en gengur og gerist hjá nágrannaþjóðum okkar, líkt og gjarnan er haldið fram. Eins og meðfylgjandi súlurit sýnir er svo ekki. Þegar tekið hefur verið tillit til fjölda vinnustunda á viku, að teknu tilliti til neysluléa, og fjölda orlofsdaga og annarra frídaga sem ber upp á virkum dögum, er vinnustundafjöldi okkar á ári með því lægsta sem þekktist.



Annað og óskyldt mál er að yfirvinnugreiðslur eru algengari en í nágrannalöndum okkar. Stytting lögbundinnar vinnuviku mun ekki breyta neinu þar um. Með aukinni framleiðni mun áfram hluti þess svigrúms sem skapast verða varið til að bæta lífskjörin og draga úr yfirvinnu, líkt og raunin hefur verið til þessa. Mikilvægar forsendur fyrir aukinni framleiðni er stöðugt rekstrarumhverfi og lágt vaxtastig. Það sýnir samanburður við nágrannalönd okkar ótvírætt. Að því þurfum við að stefna, en ekki valda efnahagslegu umróti og verðbólgu með lagaboði.

Það er mikilvægt að atvinnu- og fjölskyldulíf sé í góðu jafnvægi en það er í höndum einstakara vinnustaða og starfsfólks að sjá til þess að svo sé. Alþingi getur ekki með lagabreytingu á einni nóttu aukið frítíma fólks, framleiðni í atvinnulífinu og hækkað laun fyrir hverja unna vinnustund. Það verður að gerast á vettvangi atvinnulífsins og í kjarasamningum ef aðstæður eru fyrir hendi. Það virðist raunar ekki vera forgangsmál hjá Íslendingum að stytta vinnutíma því í skoðanakönnun Capacent Gallup sem gerð var í aðdraganda síðustu kjarasamninga sagðist aðeins einn af hverjum tíu vilja að lögð yrði mest áhersla á að stytta vinnutíma. Flestir (45%) settu í fyrsta sæti að stuðla að lágri verðbólgu með hófsömum launahækkunum. Könnunin var gerð í október 2013, úrtakið var 2.950 á landinu öllu og var fjöldi svarenda 1.771.